

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 224 23. desember 1971 um endurgreiðslu gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

1. gr.

11. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Ráðuneytið mun endurgreiða toll og söluskatt af innfluttu efni, vélum og tækjum til viðgerða eða breytinga á skipum, enda sé viðgerð eða breyting samfelld og endurgreiðslufjárhæð nemi minnst kr. 100 000.00.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. til þess að öðlast gildi 1. maí 1978.

Fjármálaráðuneytið, 30. mars 1978.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Holtsgötu til vesturs frá Bræðraborgarstíg að Ána-naustum.
2. Heimilt verður að leggja bifreiðum beggja vegna götunnar. Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. þ. m.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 5. apríl 1978.

Sigurjón Sigurðsson.